

Nd.

60. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson, Þórarinn Jónsson og Stefán Stefánsson.

9. grein laga nr. 35, 20. okt. 1913, er numin úr gildi, en í hennar stað komi svo hljóðandi gtein:

Þegar stofnsettar eru talsímastöðvar til almenningsnota, skal starfræksla þeirra að öllu leyti kostuð af landssjóði. Enn fremur tekur landssjóður að sjer að öllu leyti starfrækslu þeirra stöðva, sem nú eru styrktar af sveitarfjelögum, þegar samningatími sá er útrunninn, sem nú er í gildi við stöðvarnar.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu:

Þar sem það er nú kunnugt öllum landslýð, að talsímakerfi landsins ber sig mjög vel fjárhagslega, þá virðist engin ástæða til að leggja hreppum landsins þá skyldu á herðar að kosta fremur starfrækslu þeirra stofnana en t. d. brjef-hirðinguna eða póstafrgreiðslustöðvarnar úti um land.

Afleiðingin af því, að hrepparnir hafa átt að kosta starfræksluna að nokkru leyti, hefir víðast orðið sú, að stöðvarstjórunum hefir verið óhæfilega illa launað starf þeirra, og því eru menn sjaldan til lengdar í þeirri stöðu, ef þeim býðst nokkur viðunanlegri, en tíð skifti á starfsmönnum eru ávalt óheppileg.

Auk þess virðist eðlilegast, að landssjóður, sem hirðir allar tekjurnar, beri einnig kostnaðinn, og það því fremur, sem símakerfið ber sig vel fjárhagslega.

Þá má og benda á það misrjetti, að í sumum sveitum er starfræksla

stöðvanna að öllu kostuð af landsfje, en i öðrum sveitum að mestu, eða jafnvel öllu leyti, af hreppsfe.